

117

10. nóv.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Þetta birtist hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 10. nóvember 1934.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Gissur Bergsteinsson.*

118

15. nóv.

## REGLUR

### um eftirlit með smjörlikisgerðum.

Samkvæmt lögum nr. 32, 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl., eru hérmeð settar eftirfarandi reglur:

#### 1. gr.

Eftirlit með smjörlikisgerðum, þ. e. verksmiðjum, sem framleiða smjörliki eða aðrar eftirlíkingar mjólkurafurða, hefir þar til hæfur sérfróður maður, er atvinnumálaráðuneytað skipar. Hann annast í samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra eftirlit með framleiðslu þessara vöruhegunda og með verzlun með þær hér á landi og er jafnframt ráðunautur atvinnumálaráðuneytisins um allt, er að iðju þessari lýtur.

Eftirlitsmaður undirritar eiðstaf um, að hann vilji með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á hann eru lagðar með reglum þessum.

#### 2. gr.

Enga smjörlikisgerð má setja á stofn án þess að það sé tilkynnt atvinnumálaráðuneytinu með tveggja mánaða fyrirvara, enda séu húsakynni og öll áhöld hæf til fullnustu og næg kunnátta fyrir hendi til þessa iðjureksturs að dómi eftirlitsmanns.

Fá skal samþykki eftirlitsmanns til allra breytinga á húsakynnum og áhöldum smjörlikisgerða, svo og ef skipta skal um kunnáttumenn, er annast framleiðsluna.

Þær smjörlikisgerðir, sem eru starfandi þegar reglur þessar ganga í gildi, skulu skoðaðar af eftirlitsmanni og bætt úr því sem hann telur áfátt.

#### 3. gr.

Eftirlitsmaður á jafnan aðgang að hverri smjörlikisgerð. Honum er heimilt að taka eða láta taka sýnishorn af framleiðsluvörinum, svo og af öllum þeim hráefnum, sem í þær eru notaðar. Honum er og heimill aðgangur að bókum

og reikningum hvefrrar smjörlikisgerðar og skulu bækur svo færðar, að hægt sé að fylgjast nákvæmlega með framleiðslunni og sölunni og því, hver hráefni eru notuð til framleiðslunnar sem og hve mikið er notað af hverri tegund og öðru því er eftirlitsmanni þykir máli skipta.

Hver smjörlikisgerð skal semja skýrslu um framleiðslu sína eftir fyrir-mælum eftirlitsmanns.

#### 4. gr.

Eftirlitsmaður skal leitast við að fylgjast með því, að smjörlikisgerðir hagi jafnan framleiðslu sinni að öllu leyti á fyrirskipaðan hátt, samkvæmt lögum og reglugerðum. Í þessu skyni skal hann athuga smjörlikisgerðir í Reykjavík, svo oft, sem þörf er á og ekki sjaldnar en annan hvern mánuð, en smjörlikisgerðir úti um land að minnsta kosti einu sinni á ári.

Auk þess sem eftirlitsmaður tekur við og við sýnishorn af hráefnum og framleiðsluvörum í öllum smjörlikisgerðum, skal hann við og við kaupa viðs-vegar í verzlunum allar tegundir smjörlikis og annara eftirlíkinga mjólkur-afurða, ef til eru, og rannsaka hvort efnasamsetning vörunnar svarar til gild-andi fyrir-mæla.

#### 5. gr.

Eftirlitsmaður skal sérstaklega gefa því gaum, að smjörlikisgerðir fylgi í hvívetna fyllstu þrifnaðar og heilbrigðiskröfum og skulu héraðslæknar hver á sínum stað aðstoða hann við heilbrigðiseftirlitið.

Enginn má vinna að framleiðslu smjörlikis eða annara eftirlíkinga mjólk-urafurða, nema hann sanni með læknisvottorði, að hann sé ekki haldinn af berklaveiki, öðrum næmum sóttum eða kvillum, er heilbrigðishætta geti stafað af. Vottorð þetta skal endurnýja svo oft sem eftirlitsmaður eða héraðslæknir krefst.

#### 6. gr.

Eftirlitsmaður hefir þagnarskyldu um allt, sem lýtur að framleiðslu og rekstri smjörlikisgerða, og má ekki sjálfur notfæra sér eða láta öðrum í té upplýsingar, sem hann kann að fá um sérstakan útbúnað eða aðferðir hvefrrar verksmiðju.

#### 7. gr.

Um erlent smjörliki eða aðrar erlendar eftirlíkingar mjólkurafurða og eftirlit með þeim vörum hér á landi, fer eftir reglum þessum, eftir því, sem við getur átt.

#### 8. gr.

Eftirlitsmaður semur ársskýrslu um allar smjörlikisgerðir og verzlun með smjörliki hér á landi, svo og um eftirlitsstörf sín, og sendir atvinnu-málaráðu-neytinu hverja ársskýrslu eigi síðar en 1. júlí næsta ár á eftir. Skýrslu um fram-leiðslumagn hvefrrar smjörlikisgerðar skal hann þó hafa afgreitt til ráðuneytis-ins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

**118**

15. nóv.

## 9. gr.

Til að standast kostnað við eftirlitið skulu smjörlikisgerðir greiða árlega í rikissjóð kr. 5,00 fyrir hverja smálest smjörlikis eða brot úr smálest, sem þær framleiða á árinu samkvæmt skýrslu eftirlitsmanns. Gjald þetta fellur í gjald-  
daga 1. apríl ár hvert fyrir næsta almanaksár á undan og innheimtist með öðrum skatttekjum rikissjóðs og eftir sömu reglum.

## 10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100 til 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt lögum, og skal farið með brot gegn henni sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögunum sé að ræða.

## 11. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. nóvember 1934.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

**119**

23. nóv.

**S A M Þ Y K K T****um forkaupsrétt Akureyrarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932, um forkauprétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefir bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Akureyrarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á lóðum dánarbús Ragnars Ólafssonar á Oddeyrartanga norðan Gránufélagsgötu, vestur og norður á eignarmörk Akureyrarbæjar og austur til sjávar, ásamt öllum sjávarréttindum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. nóvember 1934.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*